



Skóla- og frístundaráð

### **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um viðbrögð við PISA 2022**

Á fundi borgarstjórnar þann 12. desember 2023 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að gangast fyrir opinni umræðu og ítarlegri greiningu á niðurstöðum PISA sem hluta af undirbúningi á innleiðingaráætlun menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, fyrir árin 2025-27. Fulltrúar fagfólks, nemendur og foreldrar verði kallaðir til auk valinna innlendra og erlendra sérfræðinga í menntamálum. Næsta innleiðingaráætlun menntastefnunnar, 2025-2027, byggji meðal annars á niðurstöðu þessarar vinnu.

Borgarstjórn samþykkti jafnframt svohljóðandi viðaukatillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að gangast fyrir opinni umræðu og ítarlegri greiningu á niðurstöðum PISA og TALIS sem hluta af undirbúningi á innleiðingaráætlun menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, fyrir árin 2025-27. Fulltrúar fagfólks, nemendur og foreldrar verði kallaðir til auk valinna innlendra og erlendra sérfræðinga í menntamálum. Næsta innleiðingaráætlun menntastefnunnar, 2025-2027, byggji meðal annars á niðurstöðu þessarar vinnu.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það var áfall að sjá niðurstöður PISA sem komu þó fæstum á óvart. Í hverju liggja mistökin og hvernig ætlar Reykjavíkurborg að læra af þeim? Það hlýtur að þurfa að rýna í aðferðir lestrarkennslu, nálgun og samsetningu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að vandinn sé margþættur en mest þó að skort hefur miðlæga stýringu og samræmt mat lestrarkennslunnar. Engin pólitísk ákvörðun hefur verið tekin og því eru þessi mál í raun stefnulaus. Hver og einn skóli er að fóta sig með sína samsetningu, sitt lítið af hverju, hljóðaaðferð að hluta, byrjendalæsi að hluta sem ekki er gagnreynd aðferð. Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað lagt til að innleiða Kveikjum neistann sem er eina heildstæða rannsóknarverkefnið í gangi í dag sem skilað hefur marktækum árangri. Það sætti því undrun þegar fram kom í svari frá skóla- og frístundasviði að enginn skóli í Reykjavík hafi sýnt verkefninu áhuga. Þættir eins og farsími, samfélagsmiðlar og minnkandi notkun íslenskunnar hafa neikvæð áhrif. Skóla- og frístundasvið hefur ekki getað tekið afstöðu til þess hvort banna eigi síma í skólastofunni. Stuðningur við foreldra hefur einnig verið



Reykjavíkurborg

vanræktur. Þeir þurfa fræðslu og hvatningu um mikilvægi þess að börn þeirra lesi daglega til að viðhalda lestrarfærni og þróa lesskilning.

Virðingarfyllt,  
Helga Björk Laxdal  
e.u.